

REGLUGERÐ

um leyfisbindingu veiða.

1. gr.

- Eftirfarandi veiðar eru óheimilaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra:
1. Staðbundnar rækjuveiðar. Til þessara veiða teljast allar rækjuveiðar innan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 og rækjuveiðar á svæði við Eldey sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
 2. Hörpudiskveiðar.
 3. Kúfiskveiðar.
 4. Veiðar á spærlingi, gulllaxi, kolmunna og aðrar veiðar með botn- eða flotvörpu með minni möskva en 135 mm aðrar en humarveiðar.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi til veiða samkvæmt 1. gr. og úthlutun þeirra þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð eða skip er tilteknað veiðar hafa áður stundað.

Ráðherra skal í leyfisbréfi marka ákveðin staðbundin veiðisvæði skv. 1. og 2. tl. 1. gr. og getur hann jafnframt ákveðið að slík leyfi skuli háð því skilyrði að hlutaðeigandi bátur sé skráður frá verstöð við hlutaðeigandi veiðisvæði og útgerð bátsins eigi þar heimilisfesti.

3. gr.

Aflahlutdeild í svæðisbundnum veiðum á innfjarðarrækju og hörpudiski skal úthlutað í samræmi við hlutdeild viðkomandi skips í heildarúthlutun á viðkomandi veiðisvæði á því veiðitímabili sem síðast lauk fyrir 1. janúar 1991.

4. gr.

Reglugerð þessi breytir í engu þeim leyfum til rækjuveiða innfjarða og síldveiða sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og í gildi eru.

5. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast gildi 1. janúar 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.